

Fundur fagráðs um velferð dýra, 20. september 2017

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Villt bleikja – ábending frá Umhverfisstofnun
3. Dýratilraunir
4. Merking hvala
5. Starf fagráðs
6. Önnur mál

Mætt eru

Sigurborg, Katrín, Henry, Erna og Ólafur. Auk þeirra sátu fundinn Þóra J. Jónasdóttir, sérgreinadýralæknir dýravelferðar og Ágústa R. Jónsdóttir sem ritaði fundargerð.

Fundargerð

1. Fundargerð síðasta fundar yfirfarin og samþykkt.
2. Fagráð upplýst um ábendingu sem barst MAST frá Umhverfisstofnun er varðar rannsóknir á villtri bleikju.
3. Tekin fyrir umsögn sem var frestað á síðasta fundi og varðar rannsókn sem felur í sér að hreinsa bakteríur (helicobacter) úr tilteknum músastofni. Loka umsögn verður innan fagráðs.
4. ÞJ upplýsti fagráð um stöðu mála.
5. Miða skal að því að halda fundi í fjórðu viku hvers mánaðar, kl. 13.00.
6. Önnur mál
 - a. Þóknun til fagráðs og útlagður kostnaður. Fagráð óskar eftir að formaður vinni áfram að því að tryggja fagráðsmönnum þóknun til samræmis við greiðslur til sambærilegra nefnda og ráða hins opinbera.
 - b. Meðferð sauðfjár og hrossa í göngum og réttum. Fagráð hvetur til þess að gert verði átak í bættri meðferð á sauðfé og hrossum í göngum og réttum, t.d. í anda „klár í keppni“.
 - c. Flutningur sláturdýra. Fagráð ræddi um nauðsyn á fræðslu og eftirliti með nýrri reglugerð um flutning sláturdýra.

Næsti fundur er áætlaður 25. október 2017.

Fundi slitið